

Skólaráð 6. desember 2017

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Eva Sigurðardóttir fulltrúi nemenda, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður fulltrúar foreldra, Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Sif Garðarsdóttir og Jóhanna Gylfadóttir fulltrúar kennara.

Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

### 1. Húsnæðismál

Það er ljóst að það verður ekki flutt um áramót þar sem lausu kennslustofurnar verða ekki allar komnar. Um miðjan desember koma 6 hús og síðustu húsin í lok janúar, miðjan febrúar. Flutningunum fylgja mikið rót þar sem yngsta- og miðstignemendur fara úr Vallargerði í lausar kennslustofur og unglingar í Vallargerði og því væri best að geta klárað skólaárið með það skipulag eins og það er núna, en engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin og framhaldið veltur á hvernig skólafarfinu vindur fram í þessum aðstæðum.

Nú er verið að skrifa forsögn núna (plagg sem er lagt fyrir arkitekta og lýsir hvernig hugmyndafræðin um bygginguna er). Ekki enn verið tekin endanleg ákvörðun um hvort að skólinn verður fyrir leik – og grunnskólanemendur eða aðeins grunnskólanemendur og þarf að skoða vel íbúapróun á Kársnesinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Arkitektar þurfa upplýsingar um mögulegar lausar kennslustofur áður en hafist er handa, þarf að gera ráð fyrir lögnum og því um líku.

Væsir ekki um unglingana hér í Fannborg en það er augljós skortur á rými þar sem þeir geta haft það notalegt. Nú er búið að opna sjoppu fyrir þá og þeim stendur til boða að fá sér hafragraut kl. 7:50 í Vallargerði, áður en þeir fara í rútuna.

### 2. Uppeldi til ábyrgðar

Við erum að leggja meiri þunga á uppeldisstefnu skólans, Uppeldi til ábyrgðar, núna. Kennarar og starfsmenn hafa fengið námskeið (fleiri en eitt) og við erum að fylgja ferlum betur eftir. Ábending um hvort ekki væri ráð að upplýsa foreldra betur um stefnuna, t.d. með bæklingi.

Erindi, samtök um samskipti og skólamál, komu með kennslu í kennarahópinn á elsta stigi fyrr í desember og kennarar fara með verkefni um skólabrag í janúar með 8. og 9. bekk þar.

Skólaping, niðurstöður þess hafa verið teknar saman og verða nýttar í forsögn fyrir nýtt skólahús. Einnig verður unnið með niðurstöðurnar innan skólans, meðal kennara og nemenda.

### 3. Samræmd könnunarpróf

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk komnar, Kársnesskóli kemur nokkuð vel út í flestum prófum nema einu. Prófin meta aðeins afmarkaðan þátt í því fagi sem prófað er úr. Hér fara allir nemendur í þessi próf, nemendum með námserfiðleikar sem og nýbúar.

Niðurstöður gefa kennurum og nemendum miklar upplýsingar, um stöðu ákveðinna nemenda og um einstaka efnisþætti og þess háttar.

Ef að niðurstaða prófs kemur illa út þá leggjast stjórnendur og viðkomandi kennarar yfir það og leita leiða til að vinna með þann þátt/þá þætti sem koma verst út, s.s. kennsluaðferðir, námsgögn og leiðir.

Farið yfir niðurstöður hvers prófs fyrir sig (íslenska og stærðfræði) hjá 4. og 7. bekk með fundarmönnum.

#### 4. Önnur mál

Foreldrafélagið er búin að koma í gang foreldrarölti, fer hægt af stað en er komið af stað. Mögulega þarf að kalla til fund með bekkjarfulltrúum á elsta stigi til að fá betri þátttöku í röltið.

Formaður foreldrafélagsins er með aðgang að mentor og getur sent fjöldapóst í gegnum hann undir eigin nafni en ekki er hægt að gera það undir nafni foreldrafélagsins, vegna laga um persónuvernd.

Mæting á jólaföndur foreldrafélagsins var mjög góð og gaman að sjá.

Umferðarljós/gönguljós á Borgarhólsbraut eru biluð. Björg sendi póst vegna þess í gær, lögreglan var við ljósin í morgun og vonandi verður bót á hið fyrsta.

Næsti fundur er 31. janúar.

Fundi slitið.